

Ár 2014, fimmtudaginn 2. október kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði formaður fram eftirfarandi bókun sem samþykkt var samhljóða:

Hvergerðingar undrast þær fréttir sem borist hafa um væntan flutning Svæðisskrifstofu Vinnueftirlits frá Hveragerði til Selfoss. Vinnueftirlitið hefur haft skrifstofu sína í Hveragerði í áratugi og er í dag í afar góðu sérhönnuðu húsnæði sem hentar Vinnueftirlitinu vel. Er þetta eina starfsemin sem rekin er á vegum ríkisins í Hveragerði ef undan er skilin heilsugæslan. Þykir okkur því lítil sámi að því að færa þessi 5 stöðugildi á Selfoss og valda þar með enn meiri skekkju en orðin er í dreifingu starfa á vegum ríkisins. Ekkert getur í fljótu bragði skýrt þessa ákvörðun sem bæjarfulltrúar í Hveragerði fordæma harðlega um leið og þeir hvetja félagsmálaráðherra til að endurskoða ákvörðun sína.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Innanríkisráðuneytinu frá 18. september 2014.

Í bréfinu er boðað til ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður 8. október nk. á Hilton Reykjavík Nordica.

Lagt fram til kynningar, Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri mun sitja fundinn.

1.2. Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands frá 4. september 2014.

Í bréfinu er óskað eftir styrk til kórsins vegna tónleikaferðar næsta vor.

Bæjarráð hefur ekki styrkt utanlandsferðir af þessu tagi og sér sér því miður ekki fært að verða við beiðninni.

1.3. Sýslumanninum á Selfossi frá 29. september 2014.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Guðmundar Magnússonar Nielsen um leyfi til reksturs veitingarstaðar í flokki I.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsókn Guðmundar f.h. Hverablóma um rekstur veitingarstaðar í flokki I.

Staðsetning staðarins er innan þeirra marka sem skipulag sveitarfélagsins kveður á um.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Samningur við Landferðir um akstur skólabarna í Hamarshöll.

Lagður fram samningur við Landferðir um akstur skólabarna frá Skólaseli / Skólamörk til Hamarshallar. Bæjarstjóri hefur undirritað samninginn með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Samningurinn samþykktur með þeirri breytingu að hann gildi til áramóta í samræmi við fyrri ákvarðanir bæjarráðs. Framhald verði skoðað við gerð fjárhagsáætlunar.

2.2. Samkomulag við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Ás vegna reksturs dagdvalar fyrir aldraða.

Lagt fram samkomulag við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Ás vegna reksturs dagdvalar fyrir aldraða í húsnæðinu Hverahlíð 24.

Bæjarráð samþykkir samkomulagið fyrir sitt leiti.

2.3. Rekstraryfirlit Hveragerðisbæjar jan-ágúst 2014.

Lagt fram til kynningar rekstraryfirlit Hveragerðisbæjar fyrir janúar til ágúst 2014.

Lagt fram til kynningar.

3. Vinna vegna fjárhagsáætlunar:

3.1. Tillaga að dagskrá bæjarfulltrúa vegna vinnu við fjárhagsáætlun.

Lögð fram tillaga að dagskrá bæjarfulltrúa fram að jólum vegna vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2014.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Verkfundargerðir:

4.1. Hveragerði – Gatnagerð 2014 frá 29. september 2014.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. Fundargerðir til kynningar:

5.1. Almannaavarnar Árnessýslu frá 20. ágúst og 18. september 2014.

5.2. Héraðsnefndar Árnesinga frá 2. júlí 2014.

5.3. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. september 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:51

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)